



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi, 30.5.2022
Tilvísun: 2022050026

Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016 flutningur þjónustu milli ráðuneyta.

Útlendingastofnun hefur farið yfir frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga vegna flutnings þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd milli ráðuneyta og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemd.

Athugasemdir Útlendingastofnunar

Útlendingastofnun hefur ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en telur rétt að vekja athygli á samspili veittrar þjónustu af hendi Vinnumálastofnunar og mati á því hvort umsækjandi teljist vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu sbr. 25. gr. laga um útlendinga. Með vísun til framangreinds er það Útlendingastofnun sem leggur mat á það hvort umsækjandi sé í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Útlendingastofnun áréttar mikilvægi þess að þessum tveimur stofnunum sé gert kleift að vinna vel saman og að nauðsynlegar upplýsingar geti flust á milli með skilvirkum hætti svo hvor stofnun um sig geti sinnt sínu lögbundna hlutverki umsækjendum og þjónustuþegum í hag.

f.h. Útlendingastofnunar

Vera Dögg Guðmundsdóttir